

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Akranesi 27. september 2024

Efni: Umsögn Starfsgreinasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2025, 2. mál. -Fjárframlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) lítur á þessi áform um lækkun á framlagi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða sem grófa aðför að lífeyrisréttindum verkafólks.

Það á að vera öllum ljóst að örorkubyrði lífeyrissjóða verkafólks sem vinnur erfiðisvinnu er langtum meiri en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Um þessa staðreynd þarf ekki að deila enda liggja þessar tölur frá lífeyrissjóðunum fyrir. SGS vill áréttu að það framlag sem núna er við lýði dugar ekki einu sinni til að standa undir því hlutverki að jafna örorkubyrði á milli lífeyrissjóða. Því er það fráleitt að ætla að skerða þetta framlag enn frekar og leggja því frekari byrðar á þá sem höllustum fæti standa á íslenskum vinnumarkaði.

Lífeyrissjóðir eru samtryggingarsjóðir og má alveg varpa þeirri spurningu upp hvaða sanngirni er fólgin í því að smala vinnandi fólki eftir starfsgreinum í lífeyrissjóði, í ljósi þeirrar bláköldu staðreyndar að hjá verkafólki er örorkubyrði margfalt meiri en hjá öðrum starfsgreinum. Hvaða samtrygging er það? Framlag til jöfnunar á örorkubyrði hefur verið til þess fallið að jafna þennan óréttláta mun á milli lífeyrissjóða með aukna örorkubyrði en nú á að fella það niður með umtalsverðri skerðingu hjá lífeyrissjóðum verkafólks sem nú þegar búa við skerta réttindaávinnslu vegna mikillar örorkubyrði.

Þessi skerðing og niðurfelling á framlagi til jöfnunar á örorkubyrði er fyrst og fremst áráð á lífeyrisréttindi verkafólks innan Starfsgreinasambands Íslands. Það liggur fyrir að þetta mun bitna illilega á sjóðsfélögum þeirra lífeyrissjóða sem starfa á samningssviði SGS. Það blasir við að ef þessi áráð stjórnvalda á lífeyrissjóði verkafólks verður að veruleika þá mun þurfa að skerða núverandi lífeyrisgreiðslur til sjóðsfélaga sem og réttindaávinnslu um allt að 4%.

Það er ljóst að SGS mun ekki geta látið þetta átölulaust. Verði þetta að veruleika er um að ræða verulega kerfisbreytingu og útilokað að leggja þær byrðar á verkafólk eitt og sér að framlag til jöfnunar á örorkubyrði verði skert og fellt niður.

Virðingarfyllt,

Vilhjálmur Birgisson formaður SGS

Hlutfall örorkulífeyris 2023

